



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur 07. febrúar 2008

Ákvörðun nr. 16/2008

Kaup Teymis á Kerfislausnum

I.

Með bréfi frá Teymi, dags. 6 desember 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Teymis hf. (Teymi) á öllu hlutafé í Kerfislausnum ehf. (Kerfislausnir). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur dags. 15. nóvember 2007, auk ársreikninga Dagsbrúnar hf. og Kerfislausna fyrir árið 2005, ársreikningur Kerfislausna fyrir 2006 og árshlutauppgjör Teymis fyrir 2006. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftilit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

II.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Teymi sé eignarhaldsfélag sem starfi einkum á fjarskipta- og upplýsingatæknimarkaði og að dótturfélög félagsins séu Fjarskipti ehf. (Vodafone), Ódýra símfélagið ehf. (SKO), P/F Kall í Færeyjum, Mamma ehf., HugAx ehf., Landsteinar Strengur ehf. og Kögur ehf. sem á síðan dótturfélögin, Skýrr ehf., Eskil ehf. og EJS ehf. Félögin Hýsing ehf. og Isoft ehf. séu í 100% eigu EJS. Um starfsemi Kerfislausna segir að meginstarfsemi þess félags sé „að bjóða fyrirtækum og fjármálastofnunum fjölbreyttar lausnir og þjónustu á sviði afgreiðslukerfa fyrir gjaldkera, biðraðakerfa, rafrænna hillumerkinga og vélbúnaðar sem tengist peningameðhöndlun ýmiskonar auk ráðgjafar á ofangreindum sviðum.“

III.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir eru að viðkomandi markaði. Með vísan til þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi sé töluvert samkeppnislegt aðhald á markaðnum.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og samtölum við keppninauta er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Teymis og Kerfislausna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 15. nóvember 2007, keypti Teymi hf. allt hlutfé í Kerfislausnum ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson